

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um fjölda og orsakir umferðarslysa á Reykjanesbraut.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur og Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hver er heildarfjöldi slysa og umferðaróhappa á Reykjanesbraut frá því brautin var tekin í notkun, sundurgreint eftir árum:
 - a. innan höfuðborgarsvæðis að Krýsuvíkurvegi,
 - b. frá Krýsuvíkurvegi til Keflavíkur?
2. Í hversu mörgum tilfellum hafa orðið meiðsl á fólki, sundurgreint eftir árum:
 - a. alvarleg meiðsl,
 - b. minna alvarleg meiðsl,
 - c. dauðsföll,og hver hefur bílbeltanotkun verið í hverju tilfelli?
3. Hefur farið fram greining á orsökum umferðarslysa á Reykjanesbraut frá því brautin var tekin í notkun? Ef svo er, hverjar eru þá taldar orsakir slysa þar sem orðið hafa meiðsl á fólki, sundurgreint eftir árum?
4. Hverjar hafa verið orsakir alvarlegustu slysanna?
5. Hver er tíðni slysa og umferðaróhappa á Reykjanesbraut borið saman við aðrar helstu umferðaræðar sem talist geta sambærilegar?
6. Hver eru áform löggæslufirvalda til að tryggja að virtar séu hraðatakmarkanir á Reykjanesbraut og hefur í því sambandi verið rætt um notkun löggæslumyndavéla?

Skriflegt svar óskast.